

REGLUGERÐ

92
13. maí

um

loftnet fyrir útvarpstæki.

Til þess að koma í veg fyrir óþægindi, tjón og hættu, er hlotizt getur af óhentugum útbúnaði loftneta fyrir útvarpstæki eða lélegum loftnetum og grunntengingu þeirra, eru hér með sett eftirfarandi ákvæði:

1. gr.

Í kaupstöðum þar sem inniloftnet gerir fullnægjandi gagn, má ekki setja útiloftnet.

2. gr.

Í kaupstöðum mega engir annast uppsetningu útilofneta nema þeir, er hafa fengið sérstakt leyfi landssímastjóra, en skilyrði fyrir því að það fáiist eru meðmæli hlutaðeigandi rafmagnsstjóra.

3. gr.

Útiloftnet ber að strengja þannig, að þau spilli sem minnst útliti húsa og umhverfi þeirra, og á að jafnaði að leggja þau að bakhlið hússins.

4. gr.

Útiloftnet má ekki strengja þannig, að valdið geti truflunum á símalínunum eða rafmagnstaugum eða hindrað lagningu slíkra lína.

Loftnet má ekki festa í rafveitustaura, og ekki í símastaura. Ekki má strengja útiloftnet yfir eða undir símalínur eða rafmagnstaugar, er liggja ofanjarðar, og heldur ekki nær þeim en 5 metra.

5. gr.

Vilji maður láta festa loftnet í annað hús eða mannvirki, skal fá leyfi eiganda þess, og ef það á að liggja yfir götu, torg, eða þvl., skal leita samþykkis hlutaðeigandi yfirvalda. Sé synjað leyfisins, má, ef óhjákvæmilegt þykir sökum kostnaðar eða annars að koma loftnetinu fyrir á annan hátt, biðja lands-símastjóra að sjá um, að loftnetið verði sett upp, eftir því sem honum þykir réttast, og eru allir aðilar skyldir að hlíta því, sem hann ákveður um það.

6. gr.

Ekki má tengja útvarpstæki við taugar landssímans eða brunasíma, hvorki beint né óbeint, og heldur ekki beint við rafmagnstaugar. En nota má

92 raflögn í húsi sem loftnet eða grunntengingu fyrir útvarpstæki, ef viðtækið er
13. maí tengt við hana gegnum þétti, sem landssímastjóri og hlutaðeigandi rafmagns-
stjóri tekur gildan.

7. gr.

Þar sem inniloftnet liggur þvert yfir eða undir sima eða raftaugar, skal svo um búið, að ekki geti hlotizt tjón eða hættu af.

8. gr.

Útiloftnet verða að vera svo traust og endingargóð, að þau þoli áraun, er stafar af ísingu, snjóþyngslum eða hvassviðri. Skrúfur og festur úr járnri verða að vera sinkvarðar.

9. gr.

Útiloftnet skulu vera gerð sem strengur úr margþættum vír úr bronsi eða harðdregnum eir með að minnsta kosti 40 kg. þoli á hvern fermillimetra. Skal strengurinn hafa minnst 2 fermillimetra í þverskurð, og mesta haf milli festipunkta má ekki vera yfir 50 metrar.

Loftnetið skal vera vel einangrað frá festipunktum og ekki vera nein samskeyti á því sjálfu þar sem á reynir.

10. gr.

Ekki má festa loftnet í reykháfa, turna, flaggstengur eða aðra hluta bygginga nema þeir séu svo traustir, að þeir þoli vel þrefalda þá áraun, sem mest má búast við frá loftnetinu. Þetta styrkleikaákvæði gildir einnig stengur, sem sérstaklega eru settar upp fyrir útvarpsloftnet, og sömuleiðis stög, stagfestur, samskeyti, einangrara í lofti og stögum, og virinn sem bindur einangrarana við loftnet og við festur.

Sérstaklega skal svo um búið, að hvað mikið sem reynir á loftnetið, þá geti ekki þungir hlutir, sem það er fest í, dottið niður og orðið að tjóni.

Útiloftnetum skal þannig komið fyrir, að þau valdi ekki óhagræði fyrir vinnu á þaki, sérstaklega sóthreinsun.

11. gr.

Ef stálpípur eru notaðar sem loftnetsstengur, má innanmál þeirra ekki vera undir 25 mm., ef þær eru stagaðar, en ekki undir 38 mm., ef þær eru óstagaðar. Slíkar pípur skulu, áður en þær eru settar upp, vera lokaðar í efri endann og ryðvarðar með haldgóðu máli.

Óstagaðar stengur skulu vera svo sterkar, að þær haldist alveg lóðréttar við mestu áraun, sem hægt er að búast við.

Járnstengur á þaki skal grunntengja, og tréstengur skal útbúa með eldingavara; nægir að grunntengja með 20 fermillimetra eirvir við aðra málmhluti hússins, sem grunntengdir eru.

12. gr.

92

Forðast skal að leggja útiloftnet samhliða eða nærri járnþaki eða járn-^{13. maí} vegg, og ekki má leggja það nær öðru loftneti, sem fyrir er, en 5 metra frá því, og helst ekki samhliða því.

13. gr.

Inntaugin úr loftneti skal vera úr að minnsta kosti jafnþykkum vír og hinn hluti loftnetsins og úr sama efni. Sé inntaugin skeytt við loftnetið, skulu samskeytin vera gerð með öruggum skrúfklemmum eða skrúfhólkum. Bannað er að nota klemmur með aðeins einni skrúfu, er þrýstir á vörinn. Kveiking er ekki nægileg. Inntaugin skal liggja eins beint og unnt er að útvarpstækinu, og má ekki leggja hana í námunda við mjög eldfim efni. Inntaugin verður að vera í a. m. k. 20 cm. fjarlægð frá raftaugum hússins.

14. gr.

Það skal vera auðvelt að grunntengja útiloftnetið með grunntengingar-snara, sem er hjá inntakinu, og skal þessi snari vera útbúinn með neistabili til verndunar gegn ofhárri spennu (yfir 350 volt) í loftnetinu. Þegar útiloftnetið er ekki notað, skal það að jafnaði grunntengt, sérstaklega ef það liggur hátt. Í þrumuveðri skal forðast útvarpsviðtöku með útiloftneti, og ber þá að grunntengja það.

15. gr.

Sé í stað grunntengingar notað einangrað mótnet utan húss, skal ætíð hafður grunntengingar snari þannig, að unnt sé að grunntengja bæði loftnet og mótnet.

16. gr.

Eiganda loftnets ber að halda því vel við, svo það fullnægi ávallt þeim kröfum, sem heimtaðar eru samkvæmt þessari reglugerð; og skal tafarlaust gera við bilanir, sem fram kunna að koma.

17. gr.

Þar sem alveg sérstaklega stendur á, getur landssímastjóri veitt undanþágu frá framangreindum reglum.

18. gr.

Sé loftnet lagt þannig, að það komi í bága við reglugerð þessa, getur landssímastjóri eða hlutaðeigandi rafmagnsstjóri látið taka það niður á kostnað eiganda.

19. gr.

Um ábyrgð fyrir eiganda loftnets, sem fyrir þá menn, sem setja upp loftnetið eða gera við þau, á óhagnaði og skaða, sem hljótast kynni af loftnetinu eða umbúnaði þess, fer eftir almennum reglum.

92

13. maí

20. gr.

Ákvæði þessarar reglugerðar gilda einnig fyrir þau loftnet, sem kunna að hafa verið sett upp áður en reglugerð þessi er gefin út.

21. gr.

Brot gegn reglum þessum varða sektum allt að 500 krónum, nema þyngri refsing liggji við samkvæmt lögum. Með mál út af brotum á reglugerð þessari, skal farið sem almenn lögglumál.

22. gr.

Með reglugerð þessari er úr gildi felld reglugerð um sama efni frá 17. apríl 1926.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 12, 20. okt. 1905 um ritsíma og falsíma o. fl. og lögum nr. 14, 14. júní 1929 um breytingu á þeim lögum, sbr. lög nr. 82, 14. nóv. 1917 um rekstur loftskeytastöðva á Íslandi, og lög nr. 31, 7. maí 1928 um heimild handa ríkisstjórninni til ríkisrekstrar á útvarpi, til þess að öðlazzt þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 13. maí 1930.

Einar Árnason.

Vigfús Einarsson.

93

14. júní

REGLUGERÐ

um

Flugmálasjóð Íslands.

Samkvæmt 4. gr. laga nr. 17, 19. maí 1930 eru hérmeð sett eftirfarandi ákvæði.

I. gr.

Þau ár, sem flugvélar eru notaðar til síldarleitar umhverfis Ísland, ber hverju skipi, sem veiðir síld með herpinót að gjalda í Flugmálasjóð Íslands 10 aura af hverju máli bræðslusíldar og hverri tunnu saltaðrar síldar eða annarar verkaðrar síldar. Skal eitt mál bræðslusíldar talið 135 kg. og skal það jafngilda einni tunnu saltaðrar síldar. Ákvæði þessi gilda um öll íslensk skip og öll önnur síldveiðiskip, ef veiði þeirra er verkuð eða á einhvern hátt unnið